

2
5. jan. ur ekki betur sjæð, en að sveitarstjórnin hafi þegjandi samþykkt og látið nægja leyfi það, sem annar hreppstjórinn veitti, enda er ekki fyrirskipað neitt form fyrir slíkum leyfum; en hefði sveitarstjórnin ætlað sjer að synja Sigurði um leyfið, sem hún vissi, að hann hafði beið um, var hún samkvæmt 12. gr. tilsk. 26. maí 1863 skyld til að gjöra það skriflega og með ástæðum, og gat þannig, úr því að hann hafði beiðst leyfis, alls ekki gjört dvöl hans ólöglega með þögn sinni og afskiptaleysi einu. Þegar af þeirri ástæðu, að Sigurður, samkvæmt þessu, verður að álitast hafa haft fullnægilegt leyfi til húsmennsku í Grýtubakkahreppi eptir að það atriði gat haft áhrif á sveitfestis-dvöl hans, geta mót-bárur hreppsnefndarinnar í Grýtubakkahreppi ekki tekizt til greina, og ber því að staðfesta úrskurð amtsins í öllum greinum.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra amtmaður til þóknanlegrar leið-beiningar og frekari birtingar.

3
5. jan.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gullbrúðkaupslegats Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1892.

Tekjur:

1. Sjóður við ársbyrjun (Stj.tíð. 1892 B., 7. bls.):		
a, í óuppsegjanlegum ríkisskuldabréfum	2400,00	
b, í landsbankanum með sparisjóðskjörum	741,33	3141,33
2. Ársvextir:		
a, af ríkisskuldabréfum til 11. júní og 11. des. '92 á 3 ¹ / ₂ %	84,00	
b, af fje í landsbankanum til 31. des. 1892	25,28	109,28
		kr. 3250,61

Gjöld:

1. Sjóður í árslok:		
a, í óuppsegjanlegum skuldabréfum	2400,00	
b, í landsbankanum með sparisjóðskjörum	850,61	3250,61

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 5. janúar 1893.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

4
5. jan.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs W. Fischers árið 1892.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1892 B, bls. 72):		
a, innritunarskirteini A fol. 373	20000,00	
b, í landsbankanum með sparisjóðskjörum	226,79	20226,79